

134 tókudegi að telja af tekjum prestakallsins að því leyti sem tekjur kirkjunnar 6. oktbr. eigi hrökkva til greiðslu afborgana og venjulegra vaxta, og 400 kr. lán handa Rafnseyrarkirkju alveg með sömu kjörum, en 400 kr. lánið, sem tekið var f. á. samkvæmt áðurnefndu brjefi minu, afborgist á 10 árinu, eins og áskilið var.

Þetta er stiptyfirvöldunum hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

135 **Brjef landshöfðingja til stiptyfirvaldanna yfir Íslandi, um lán handa Stykk-**
11. oktbr. **ishólmskirkju.** Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, og yðar, herra biskup, í þóknanlegu brjefi, dagsettu 3. þ. m., vil jeg hjer með veita sóknarnefndinni í Stykkishólmssókn 1500 króna lán úr landssjóði handa Stykkishólmskirkju gegn veki í tekjum kirkjunnar, og með þeim skilyrðum, að lán þetta ávaxtist og endurborgist á 28 árum samfleytt frá lántókudegi að telja með 6% árlega af hinni upphaflegu upphæð og að af láni þessu greiðist fyrst að fullu eptirstöðvar af tveimur landssjóðslánum handa kirkjunni frá 1878 og 1879.

Þetta er stiptyfirvöldunum hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

136 **Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Suduramtinu og Vesturamtinu,**
11. oktbr. **um skilning 3. gr. laga nr. 9 frá 6. apríl 1898.** Hreppstjórinn í Kjósarhreppi hefir í brjefi, dagsettu 13. f. m., sem bingað hefir borizt beina leið, beiðzt skýringar á 3. gr. laga nr. 9 frá 6. apríl þ. á., um breyting á lögum um lausafjártíund 12. júlí 1878: »Við tíundarflagnig skal lausafjárupphæð hvers framteljanda standa á heilu eða hálfu hundradi; 60 áln. og þar yfir allt að 119 áln., sje gert $\frac{1}{2}$ hundrad, en færri álnum sje sleppt«. Hefir nefndur hreppstjóri í þessu efni spurzt fyrir um það, hvort sleppa skuli því, sem fram yfir heilt eða hálf hundrad er, þá er fjenaður er lagður í tíund, *áður en* eða *eptir* að $\frac{1}{7}$ hluti fjenaðarins er dreginn frá.

Útaf þessu skal yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir spyrjandanum, að draga ber að sjálfsögðu frá $\frac{1}{7}$ hluta fjenaðarins *áður en* lagt er í tíund og þá *áður en* sleppt er því, er framyfir er hálf hundrad eða heilt.

137 **Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Suduramtinu og Vesturamtinu,**
21. oktbr. **um hlunnindi handa sparissjóði Vestmannaeyja.** Útaf beiðni, sem hingað hefir borizt beina leið frá forstöðunefnd sparissjóðs Vestmannaeyja, vil jeg hjer með endurveita nefndum sjóði um 5 ára tímabil frá 1. þ. m. að telja hlunnindi þau, er ræðir um 1 tilsk. 5. janúar 1874, um hlunnindi nokkur fyrir sparissjóði á Íslandi, með þeim skilyrðum, að trygging sú, sem sparissjóðurinn nú veitir, eigi rýrni, að

ákvæðanna um reikningsskil í lögum sjóðsins verði nákvæmlega gætt, og að **137** forstöðunefnd sjóðsins sendi hingað á ári hverju endurrit af ársreikningum sjóðs- 21. oktbr. ins í því formi, er landshöfðingi fyrirskipar. Svo ber og að senda hingað skýrslu um hverja þá breyting, sem verða kann á lögum sjóðsins.

Þetta er yður, herra amtmaður, hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir forstöðunefnd umrædds sparisjóðs.

Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi, um lán Holtspresta- 138
kalls handa Ásólfsskálakirkju. Samkvæmt beiðni prestsins að Holti undir Eyja- 31. oktbr. fjöllum, Kjartans prófests Einarssonar, og tillögum yðar, herra amtmaður, og yðar, herra biskup, í þóknanlegu brjefi, dagsettu 28. þ. m., vil jeg hjer með veita samþykki mitt til þess, að við þær eptirstöðvar af láni Holtsprestakalls í Rangárvallaprófastsdæmi úr viðlagasjóði eptir skuldabryfi 20. oktbr. 1892 (upprúnalega 2900 kr.), sem eptir verða, þá er frá er dregin 1300 kr. eptirgjöf samkvæmlögum nr. 18 frá 6. nóvbr. f. á., 2. gr., að upphæð kr. 1285.86, megi bæta 14 kr. 14 a., svo að skuldarupphæðin verði kr. 1300.00, og að þessi upphæð veitist Holtsprestakalli úr landssjóði, sem nýtt lán, er ávaxtist og endurborgist með 6% árlega á 28 árum af tekjum prestakallsins, að því leyti sem tekjur Ásólfsskálakirkju, sem lánsins hefir notið, hrökkva eigi til að greiða vexti og afborgun.

Þetta er yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

Brjef landshöfðingja til biskupsins yfir Íslandi, um bygging kirkju í landi 139
Staðarhóls í stað Tjaldanes. Með skírskotun til brjefs mins, dagsetts 10. marz 31. oktbr. 1896 (Stj.tíð. 1896, B, bls. 34) um að kirkjurnar að Hvoli og Staðarhóli mættu leggjast niður, en í þeirra stað byggjast ein kirkja að Tjaldanesi fyrir báðar sóknirnar, Hvolssókn og Staðarhólssókn, vil jeg hjer með að fengnu samþykki hlutadeigandi hjeradsfundar eptir ósk safnaðanna og samkvæmt tillögum yðar, háæruverðugi herra, í þóknanlegu brjefi yðar, dagsettu 21. þ. m., veita leyfi mitt til þess að hin fyrirhugaða nýja kirkja verði byggð á Skollhól í Staðarhólslandi í staðinn fyrir á Tjaldanesi.

Þetta er yður þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi, um lántökuleyfi handa 140
Suðurdalapingaprestakalli. Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, og yðar, 4. nóvbr. herra biskup, í þóknanlegu brjefi, dagsettu 9. septbr. þ. á., vil jeg hjer með veita